

Hvanneyrarbúið ehf.

Ársreikningur 2019

Hvanneyrarbúið ehf.
Ásgarði
311 Borgarnes
Kt. 511209-0800

BHAB
EG
P.O.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-12

BAD
EG
P.O. 

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Hvanneyrarbúsins ehf. er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí). Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhí og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

Félagið byggir rekstrargrundvöll sinn á tekjum af búrekstri (aðallega mjólkur- og kjötframleiðslu) og samstarfssamningi við Lbhí dagsettum 1. júlí 2015. Rekstur félagsins er óbreyttur í grundvallaratriðum frá árslokum 2018. Fjöldi ársverka á árinu var 2,3.

Afkoman á árinu

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2019 nam 9.311.641 krónu í samanburði við 4.992.611 krónum árið áður. Eignir félagsins í árslok námu 63.588.522 krónum og námu skuldir félagsins 27.449.698 krónum. Eigið fé félagsins í árslok nam 36.138.824 krónum.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórn fylgist sérstaklega með áhrifum kórónuveirunnar (COVID-19) á afkomu og stöðu félagsins. Stjórn veur athygli á skýringu nr. 15 þar sem fjallað er um atburði eftir reikningsskiladag.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2020 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Allt hlutafé félagsins er í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands og helst óbreytt á árinu.

Það er álit stjórnar og bústjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og bústjóri Hvanneyrarbúsins ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hvanneyri, 27. maí 2020

Stjórn



Ragnheiður I. Þórafinsdóttir
Stjórnarformaður

Bústjóri



Egill Gunnarsson



Baldur Helgi Benjamínsson



Pétur Diðriksson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hvanneyrarbúsins ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Hvanneyrarbúsins ehf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, yfirlit um sjóðsreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og bústjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og bústjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt þeim staðli ber okkur að álykta um hvort eitthvað hafi komið fram við könnunina sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér takmarkaða staðfestingu. Könnun felur fyrst og fremst í sér fyrirspurnir til starfsmanna ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum eftir því sem við á og mati okkar á framlögðum gögnum.

Þær aðgerðir sem framkvæmdar eru við könnun eru mun minni en þær sem framkvæmdar eru við endurskoðun sem unnin er samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 27. maí 2020

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur		
Seldar afurðir.....	83.331.972	77.403.694
Aðrar tekjur.....	13.476.425	9.662.961
Söluhagnaður.....	0	52.696
	<u>96.808.397</u>	<u>87.119.351</u>
Rekstrargjöld		
Fóður og áburður.....	21.801.816	18.773.305
Bústofnsbreyting.....	(136.000)	607.000
Laun og launatengd gjöld..... 3	26.637.581	29.611.452
Annar framleiðslukostnaður.....	27.396.215	22.798.663
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	2.831.815	2.940.265
Afskriftir..... 4	7.984.241	6.289.274
	<u>86.515.668</u>	<u>81.019.959</u>
Rekstrarhagnaður	10.292.729	6.099.392
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur.....	94.200	96.956
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(1.075.288)	(1.203.737)
	<u>(981.088)</u>	<u>(1.106.781)</u>
Hagnaður fyrir skatta	9.311.641	4.992.611
Tekjuskattur..... 11	0	0
Hagnaður ársins	<u>9.311.641</u>	<u>4.992.611</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Ræktun.....	4	10.011.055	8.441.607
Vélar, áhöld og búnaður.....		26.976.362	26.749.843
		<u>36.987.417</u>	<u>35.191.450</u>
Áhættufjármunir			
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	5	1.941.783	1.669.540
		<u>1.941.783</u>	<u>1.669.540</u>
Fastafjármunir samtals		<u>38.929.200</u>	<u>36.860.990</u>
Veltufjármunir			
Bústofn.....	6	13.300.000	12.892.000
Viðskiptakröfur.....	7	8.314.033	7.240.284
Aðrar skammtímaskröfur.....	8	420.285	398.328
Handbært fé.....		2.625.004	207.925
		<u>24.659.322</u>	<u>20.738.537</u>
Eignir samtals		<u>63.588.522</u>	<u>57.599.527</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé.....	9	53.700.000	53.700.000
Ójafnað tap.....		(17.561.176)	(27.144.817)
		<u>36.138.824</u>	<u>26.555.183</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán.....	10	11.918.799	13.289.984
Næsta árs afborgun langtímalána.....		(3.200.859)	(3.844.909)
		<u>8.717.940</u>	<u>9.445.075</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	12	6.991.463	7.849.312
Næsta árs afborgun langtímalána.....	10	3.200.859	3.844.909
Aðrar skammtímaskuldir.....	13	8.539.436	9.905.048
		<u>18.731.758</u>	<u>21.599.269</u>
Skuldir samtals		<u>27.449.698</u>	<u>31.044.344</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>63.588.522</u>	<u>57.599.527</u>

BAD
EG
P.O

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins.....		9.311.641	4.992.611
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Áfallnar verðbætur.....		0	11.321
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....		0	(52.696)
Afskriftir.....	4	7.984.241	6.289.274
		<u>17.295.882</u>	<u>11.240.510</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Bústofn.....		(136.000)	607.000
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....		(1.095.706)	(145.945)
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		(2.223.461)	2.391.518
		<u>(3.455.167)</u>	<u>2.852.573</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>13.840.715</u>	<u>14.093.083</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	4	0	4.317.816
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....	4	(9.780.208)	(15.084.461)
Breyting á stofnsjóði.....	5	(272.243)	(231.286)
Lán til tengdra aðila.....		0	724.120
		<u>(10.052.451)</u>	<u>(10.273.811)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán.....		2.450.000	0
Afborganir langtímalána.....	10	(3.821.185)	(5.867.409)
		<u>(1.371.185)</u>	<u>(5.867.409)</u>
Hækkun á handbæru fé		2.417.079	(2.048.137)
Handbært fé í ársbyrjun.....		207.925	2.256.062
Handbært fé í árslok		<u>2.625.004</u>	<u>207.925</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Hvanneyrabúið ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Heimilisfesti félagsins er að Ásgarði, 311 Borgarnesi.

Tilgangur félagsins er að sjá um búrekstur á Hvanneyri samhliða vinnu við rannsóknir og kennslu í landbúnaði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hvanneyrabúsins ehf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala í rekstrarreikningi er sýnd að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar fram að niðurlagsverði eigna sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði eða bókfærðu verði í ársbyrjun.

Ræktun 17 ár
Vélar, tæki og búnaður 3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar eru þannig að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Eignarhluti í öðrum félögum

Eignarhlutur í öðrum félögum er færður á kostnaðarverði.

Bústofn

Verðmæti bústofn í upphafi árs er endurmetið samkvæmt skattmæti búfjár gefnu út af Skattinum fyrir skattárið. Endurmetið er fært í gegnum eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

BKT
EV

P. O.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun.....	21.097.897	23.545.885
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	3.608.214	4.085.209
Önnur launatengd gjöld.....	1.931.470	1.980.358
	<u>26.637.581</u>	<u>29.611.452</u>
Meðalfjöldi starfa	2,3	3,0

Meðal launa hefur verið gjaldfærð áætluð áfallin afkomutengd greiðsla til lykilstarfsmanna vegna ársins 2019. Að meðtöldum launatengdum gjöldum nam gjaldfærslan 1,1 milljón króna og hafa skammtímaskuldir verið hækkaðar til jafns við það.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Ræktun	Vélar, áhöld og búnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun.....	8.979.719	59.825.136	68.804.855
Keypt á árinu.....	2.242.800	7.537.408	9.780.208
Selt á árinu.....	0	0	0
Staða í árslok.....	<u>11.222.519</u>	<u>67.362.544</u>	<u>78.585.063</u>
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun.....	538.112	33.075.293	33.613.405
Selt á árinu.....	0	0	0
Afskrift ársins.....	673.352	7.310.889	7.984.241
Staða í árslok.....	<u>1.211.464</u>	<u>40.386.182</u>	<u>41.597.646</u>
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	8.441.607	26.749.843	35.191.450
Bókfært verð í árslok	<u>10.011.055</u>	<u>26.976.362</u>	<u>36.987.417</u>
Afskriftarhlutföll.....	6%	20%-35%	

Í árslok 2019 nemur bókfært verð eigna sem keyptar hafa verið með fjármögnunarleigu 13,9 milljónum króna og eftirstöðvar leigugreiðslna námu um 11,3 milljónum króna í árslok.

Vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna nemur 73,8 milljónum króna.

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

	31.12.2019	31.12.2018
Stofnsjóður Auðhumlu.....	1.624.393	1.352.150
Stofnsjóður SAH.....	177.200	177.200
Vélabær ehf.	50.000	50.000
Ístex hf.....	90.190	90.190
	<u>1.941.783</u>	<u>1.669.540</u>

6. Bústofn

Yfirlit um breytingu á bústofni	31.12.2019	31.12.2018
Bústofn 1.1.....	12.892.000	13.148.000
Endurmat bústofns (fært á eigið fé).....	272.000	351.000
Bústofnsbreyting, tekjur (gjöld).....	136.000	(607.000)
Bústofn 31.12.....	<u>13.300.000</u>	<u>12.892.000</u>

7. Viðskiptakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur.....	8.314.033	7.240.284
	<u>8.314.033</u>	<u>7.240.284</u>

Skýringar

8. Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	403.433	377.066
Fjármagnstekjuskattur.....	16.852	21.262
	<u>420.285</u>	<u>398.328</u>

9. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 53.700.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun 2018.....	53.700.000	(32.488.428)	21.211.572
Endurmat bústofns.....		351.000	351.000
Afkoma ársins.....		4.992.611	4.992.611
Eigið fé í árslok 2019.....	53.700.000	(27.144.817)	26.555.183
Endurmat bústofns.....		272.000	272.000
Afkoma ársins.....		9.311.641	9.311.641
Eigið fé í árslok 2019.....	53.700.000	(17.561.176)	36.138.824

10. Langtímaskuldir

Skuldir í íslenskum krónum:

Fjármögnunarleiga.....	11.331.425
Arionbanki, verðtryggt, vextir 4,35%.....	587.374
	<u>11.918.799</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:

Árið 2020.....	3.200.859
Árið 2021.....	2.792.678
Árið 2022.....	2.821.984
Árið 2023.....	2.245.341
Árið 2024.....	857.937
	<u>11.918.799</u>

11. Skattamál

Félagið greiðir ekki tekjuskatt á árinu 2019 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok greinist þannig:

	31.12.2019
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022.....	14.773.878
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023.....	7.405.276
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024.....	8.189.749
	<u>30.368.903</u>

Tekjuskattsinneign félagsins í árslok hefur ekki verið færð í ársreikning vegna óvissu um nýtingu. Tekjuskattsinneign félagsins í árslok greinist með eftirfarandi hætti:

	31.12.2019
Yfirfæranlegt tap - 20%.....	6.073.781
	<u>6.073.781</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
12. Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir.....	6.991.463	7.849.312
	<u>6.991.463</u>	<u>7.849.312</u>
13. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	409.968	796.868
Ógreidd laun.....	4.843.004	5.167.822
Ógreidd staðgreiðsla.....	407.215	798.233
Ógreiddur lífeyrissjóður.....	1.148.651	1.074.430
Ógreitt tryggingagjald.....	113.594	145.274
Ógreidd félagsgjöld.....	131.060	124.229
Ógreiddir áfallnir vextir.....	57.718	20.750
Ógreidd opinber gjöld starfsm. v/áætl. afkomutengdra greiðslna.....	383.632	0
Fyrirframgreiðsla starfsmanna.....	0	30.400
Ógreitt orlof.....	1.044.594	1.747.042
	<u>8.539.436</u>	<u>9.905.048</u>

14. Ábyrgðir og skuldbindingar

Félagið leigir byggingar og jarðarskika af Landbúnaðarháskóla Íslands. Samningurinn er ótímabundinn með ársuppsagnarfresti miðað við áramót. Leiguverðið er 3,25% af fasteignamati 2015, verðbætt árlega eftir vísitölu byggingakostnaðar.

15. Atburðir eftir reikningskiladag og rekstrarhæfi

Stjórn og stjórnendur félagsins hafa fylgst náið með og meta reglulega áhrif kórónuveirunnar (COVID-19) á stöðu félagsins. Um er að ræða fordæmalaust ástand sem mun hafa töluverð efnahagsleg áhrif í för með sér. Stjórn félagsins metur að áhrif COVID-19 verði óveruleg. Ekki er búist við að COVID-19 hafi veruleg áhrif á efnahag, afkomu og stjóðstreymi félagsins til skamms tíma. Það er mat stjórnar að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi félagsins við samþykkt ársreiknings, þar sem grunnrekstur er traustur og lausafjárstaða félagsins tryggð út árið 2020.

Skýringar

Sundurliðanir

Seldar afurðir

	2019	2018
Mjólki.....	50.531.461	49.048.450
Beingreiðslur, mjólk.....	18.871.694	17.624.756
Gripagreiðslur.....	3.409.016	3.309.944
Gæðastýringargreiðslur.....	16.921	0
Nautgripir.....	5.543.151	4.003.569
Heysala.....	4.959.729	3.416.975
	<u>83.331.972</u>	<u>77.403.694</u>

Aðrar tekjur

	2019	2018
Seld þjónusta.....	1.610.387	265.858
Arður.....	1.407	1.804
Vörusala 24% vsk.....	455.890	18.473
Vörusala án vsk.....	9.954.721	7.836.677
Jarðræktarframlag.....	1.454.020	1.202.149
Styrkur vegna broddverkefnis.....	0	338.000
	<u>13.476.425</u>	<u>9.662.961</u>

Fóður og áburður

	2019	2018
Fóður.....	13.560.817	12.097.182
Áburður og sáðvörur.....	4.813.598	3.998.623
Verktakakostnaður vegna heyöflunar.....	3.179.800	2.663.500
Heyefnagreiningar.....	247.601	14.000
	<u>21.801.816</u>	<u>18.773.305</u>

Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun.....	20.223.688	23.491.044
Árangurstengdar greiðslur til starfsmanna.....	874.209	54.841
Lífeyrissjóður.....	3.608.214	4.085.209
Tryggingagjald.....	1.633.046	1.892.728
Önnur sjóðagjöld.....	401.069	440.291
Annar starfsmannakostnaður.....	599.803	691.641
Breyting orlofsskuldbindingar.....	(702.448)	(1.044.302)
	<u>26.637.581</u>	<u>29.611.452</u>

Annar framleiðslukostnaður

	2019	2018
Rafmagn og hiti.....	1.584.484	1.397.282
Viðhald.....	2.032.252	1.469.123
Rúlluplast og rúllunet.....	1.565.616	874.572
Vátryggingar.....	202.619	198.471
Rekstur búvéla.....	8.206.159	6.569.181
Smááhöld og rekstrarvörur.....	1.219.537	942.177
Lyf og dýralæknakostnaður.....	891.244	1.441.370
Sæðingagjöld.....	1.147.711	963.718
Flutningur.....	4.560.801	4.364.740
Tækjaleiga.....	3.053.376	2.906.023
Önnur þjónusta.....	2.932.416	1.528.501
	<u>27.396.215</u>	<u>22.798.663</u>

BHD
Glu
P.D.

Skýringar

Sundurliðanir (framhald)

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2019	2018
Sími.....	172.302	209.479
Burðargjöld.....	69.220	33.998
Pappír, prentun og ritföng.....	109.532	60.201
Stjórnarkostnaður.....	696.197	473.817
Rekstur tölvukerfis.....	151.446	151.045
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta.....	1.242.879	1.605.162
Félagsgjöld.....	245.734	219.967
Útvarpsgjald.....	17.500	17.100
Annar kostnaður.....	127.005	169.496
	<u>2.831.815</u>	<u>2.940.265</u>